

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 172/2023

2023/EES/87/29

frá 13. júní 2023

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1948 frá 10. nóvember 2021 um meðferð á endurgreiðslu virðisaukaskatts til ógjaldskyldra einstaklinga og til gjaldskyldra einstaklinga vegna starfsemi sem nýtur undanþágu í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/516 um samræmingu vergna þjóðartekna á markaðsvirði (reglugerð um vergar þjóðartekjur, KBE) og niðurfellingu ákvörðunar 1999/ 622/EB, KBE og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB, KBE) nr 116/2005 ⁽¹⁾.
- 2) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/1948 fellir úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/622/EB, KBE ⁽²⁾ og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB, KBE) nr. 116/2005 ⁽³⁾ sem hafa verið felldar inn í EES-samninginn og ber því að fella þær brott úr samningnum.
- 3) XXI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XXI. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 19j (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/622/EB):

„**32021 R 1948:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1948 frá 10. nóvember 2021 um meðferð á endurgreiðslu virðisaukaskatts til ógjaldskyldra einstaklinga og til gjaldskyldra einstaklinga vegna starfsemi sem nýtur undanþágu í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/516 um samræmingu vergna þjóðartekna á markaðsvirði (reglugerð um vergar þjóðartekjur, KBE) og niðurfellingu ákvörðunar 1999/ 622/EB, KBE og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB, KBE) nr 116/2005 (Stjtið. ESB L 398, 11.11.2021, bls. 4).“

2. Texti liðar 19r (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB, KBE) nr. 116/2005) fellur brott.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2021/1948, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. júní 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 398, 11.11.2021, bls. 4.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 245, 17.9.1999, bls. 51.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 24, 27.1.2005, bls. 6.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júní 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.